

# Reglur Landsmóts

1. Munum gullnu regluna og förum eftir henni
2. Umgengni lýsir innri manni. Göngum um allt húsnæði með virðingu. Valdi þátttakandi skemmdum á húsnæði og/eða eigum Húnaþings vestra, ÆSKP eða annarra er honum gert að bæta tjónið.
3. Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.
4. Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins nema annað sé sérstaklega teki fram.
5. Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum sinnar kirkju, starfsfólki og landsmótsstjóra.
6. Orkudrykkir eru bannaðir á landsmóti.
7. Vegna algengis bráðaofnæmis fyrir hnetum eru hnetur og matvörur sem innihalda hnetur (s.s. Snickers) ekki leyfðar á mótinu.
8. ÆSKP ber ekki ábyrgð á verðmætum (s.s. sínum, spjaldtölvum, fartölvum, farangri eða öðru) sem þátttakendur eða leiðtogar taka með sér á mótið.
9. Meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er óheimil á landsmóti. Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.
10. Tóbaksnotkun er ekki leyfð á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðamenn. Verði notkunar aftur vart verður viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað. Sama gildir um rafrettur.

Æskulýðsfélög skrá sinn hóp og leiðtoga í gegnum skraning.aeskth.is fyrir 29. september - því þarf að skila leyfisbréfinu til leiðtoga fyrir þann tíma!



Allar frekari upplýsingar um mótið má finna á heimasíðu ÆSKP [www.aeskth.is](http://www.aeskth.is)  
Þar munu einnig birtast fréttir af framgangi mótsins.

2. október þarf skráning í hæfileikakeppnina einnig að liggja fyrir - ætlar þitt félag að taka þátt?

# Landsmót ÆSKP Selfossi

20.-22. október  
2017



# Ekki bara gaman...

Síðastliðin ár hefur ÆSKP átt gott og farsælt samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar í tengslum við landsmót.

Unglingarnir á landsmóti hafa látið gott af sér leiða og safnað peningum til góðgerðarmála. Ávöxtur þessa starfs er dýrmætur og það sést best þegar við lítum til baka og sjáum það sem landsmót hefur gefið af sér.

**2010** – 75 þrælabörn frelsuð úr skuldaánað á Indlandi

**2011** – Uppbygging á skóla/handavinnustofum sem eyðilögðust í náttúruhamförunum í Japan 2011

**2012** – Safnað fyrir hreinu vatni og brunnum í Malaví (safnað var fyrir 2 brunnum, 20 hænum og 18 geitum)

**2013** – Safnað fyrir framtíðarsjóð Hjálparstarfs Kirkjunnar. 746.367 kr safnað fyrir fátæk ungmenni á Íslandi.

**2014** – Safnað fyrir alnæmisverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar. 314.361 kr safnað í alnæmisverkefnið.

**2015** – Safnað fyrir Pollasjóð og Hemmasjóð Hjálparstarfs kirkjunnar. 500.000 kr safnað á mótinu. Auk þess safnaði ÆSKA á Austurlandi 250.000 kr í happdrætti fyrir verkefnið. Því söfnuðust alls 750.000 kr í verkefnið.

**2016** - Fatasöfnun fyrir flóttamenn í Sýrlandi, Jórdaníu og Líbanon.

# Yfirskriftin 2017 er: (ónýtt) landsmót

Í ár ætlum við að horfa til sköpunarverksins og hvað við getum gert til að varðveita það. Við sem kristnir einstaklingar berum ábyrgð á því að varðveita og viðhalda sköpun Guðs og það er skylda okkar að gera allt það sem í okkar valdi er til að skila jörðinni í betra ásigkomulagi en við tókum við henni.



Yfirskriftin, (ó)nýtt landsmót – minnir okkur á það að hver hlutur og hugmynd er auðlind. Það sem er ónýtt í augum eins, er nýtt í huga annars.

Að endurnýta hluti sem og hugmyndir er til þess fallið að auka verðmæti og sama tíma sýna virðingu, ef við sækjumst alltaf bara eftir einhverju nýju skiljum við aldrei fullkomlega auðinn sem býr í hverjum hlut og því síður það kraftaverk sem jörðin okkar er.

# Leyfisbréf

Með undirritun á leyfisbréfi þessu fær unglingurinn minn leyfi til þátttöku á landsmót ÆSKP 2017.

Undirskriftin staðfestir að við höfum kynnt okkur reglur mótsins og gerum okkur grein fyrir því að þeir unglingar sem brjóta reglurnar verða sendir heim á kostnað forráðamanna.

Nafn þátttakanda:

Kennitala:

Farsímanúmer þátttakanda:

Kirkja/æskulýðsfélag:

Ofnæmi, lyfjagjöf eða annað sem þarf að koma fram:

Nafn forráðamanns:

Heimasími og farsími:

Undirskrift þátttakanda:

Undirskrift forráðamanns: